tugnum. Hin evrópsku nýlenduveldi voru nýhrunin, og sífelld þensla á vesturlöndum var að skapa makráð samfélög smáborgara á sama tíma og þjóðir þriðja heimsins reyndu að láta til sín heyra á alþjóðavettvangi í fyrsta sinn í sögunni.

Ef segja má að rokk-tónlist hafi verið ögrun við samfélagið á þessum tíma, og tónlist John Cage hafi verið uppreisn, þá sneri Fluxus baki við borgaralegri list samtímans, og hélt jafnvel mótmælagöngur gegn henni (fræg eru mótmælin gegn flutningi á verkum Karl-Heinz Stockhausen). Í stað þess að framleiða hefðbundin listaverk, komu Fluxus-menn sínum skoðunum á framfæri á annan hátt, og sterkasta *meðal þeirra var húmor:* í útgáfustarfsemi, orðaleikjum, uppákomum, tónleikum, fyrirmælum til viðstaddra, gjörningum og athöfnum — þar sem Fluxus er fjarri hinu verndaða umhverfi listasalanna og í snertingu við daglegt líf hins almenna borgara.

Vegna þess er hvert það Fluxusverk, sem sett er á sýningu, aðeins skugginn af sjálfu sér; það er heimild um atburð eða gjörning, sem fór fram á ákveðnum stað, á ákveðnum tíma — en það getur aldrei orðið endursköpun þess sem liðið er.

Gullöld Fluxus-hreyfingarinnar stóð stutt (1963-68 að áliti Maciunas sjálfs), og hún naut ekki mikillar athygli á þeim tíma. Ýmsir listamenn sem þar komu við sögu hafa þó haldið áfram listsköpun á grunni hennar, og öðlast alþjóðlega viðurkenningu, samtímis því sem hreyfingin sjálf hefur notið vaxandi athygli sem boðberi róttækra viðhorfa í nútímalist, og grundvöllur undir margt af því sem gerst hefur á myndlistarsviðinu síðustu tvo áratugi.

Eðli málsins samkvæmt er lítið um Fluxus-verk á söfnum, enda voru þau alls ekki söluvara og ekki ætlað að vera varanleg; þau fáu verk Fluxus-manna, sem þó eru til, eru helst ritað mál (lýsingar athafna, fyrirmæli um gjörninga o.fl.) og smáhlutir. Nokkrir einkaaðilar hafa þrátt fyrir þetta náð saman góðu safni verka þeirra og bréfa, og þekktast er eflaust Fluxus-safn Gilberts og Lila Silverman í Detroit í Bandaríkjunum, en Jon Hendricks, listfræðingur, sem átti stóran þátt í uppsetningu sýninganna á Kjarvalsstöðum, var safnvörður þess um skeið. Fluxus-menn hafa svo sjálfir ákveðið að fela nokkrum útvöldum söfnum að varðveita verk sín, en meðal þeirra eru m.a. Henie Onstad listamiðstöðin í Høvikodden í Noregi og Kjarvalsstaðir í Reykjavík.

Það ber að skoða þá sýningu, sem nú stendur í austursal Kjarvalsstaða, fyrst og fremst sem brotakenndar heimildir um það sem eitt sinn var, en alls ekki sem sögulegt yfirlit eða heildarúttekt á Fluxushreyfingunni. Til að þeir orðaleikir og önnur gögn, sem sýningin byggist á, njóti til fulls, þarf að lesa verkin vel og vandlega. En hér er því miður ekki komið nægilega vel til *móts við sýningargesti.*

Sýningunni er nokkuð þröngt skipað á veggi, og þyldi auðveldlega nokkru meira rými; hið sama má segja um sýningarbúrin, sem eru full af áhugaverðum hlutum, sem þyrftu meira pláss. Erfiðast er þó fyrir hinn almenna gest, að fyrir utan stuttar leiðbeiningar í sýningarskrá (þar sem hlutverk John Cage er ef til vill gert of fyrirferðarmikið), er ekkert lesmál á íslensku; hvorki titlar, skýringar né einstök verk eru þýdd fyrir gesti. Þetta gerir börnum og unglingum ókleift að njóta sýningarinnar, og krefst tungumálakunnáttu af hinum fullorðnu. Þetta vandamál hefur verið nefnt áður um einstakar listsýningar, og ætti að vera óþarfi að þurfa að benda margoft á það, því íslenskan á að sjálfsögðu að fylgja sýningum hér á landi — annað er einfaldlega ókurteisi.

Það er mikilvægt að kynna erlendar listhreyfingar fyrir Íslendingum, og þar hafa Kjarvalsstaðir og fleiri staðið sig vel síðustu ár. Með slíkum sýningum fá sýningargestir ekki aðeins nasasjón af listasögunni og því sem er að gerast á erlendum vettvangi hverju sinni, heldur sjá þeir einnig ýmislegt í íslenskri listasögu í öðru ljósi — t.d. ætti samband SÚM-hreyfingarinnar hér á landi við Fluxus og aðra alþjóðlega strauma að vera öllum ljóst eftir þessa sýningu.

Fluxus-sýningin á Kjarvalsstöðum stendur til 2. júní, og ætti enginn listunnandi að láta hana framhjá sér fara.


**Stakfell**
Fasteignasala Suðurlandsbraut 6
687633
Lögfræðingur Þórhildur Sandholt
Sölumenn Gísli Sigurbjörnsson, Sigurbjörn Þorbergsson

**Einbýlishús**

**HEIÐARBÆR**
Mjög gott einbhús á einni hæð 151,5 fm auk 15 fm garðstofu. Góðar stofur, 4–5 svefnherb. Góður garður. 31,2 fm bílsk. fylgir. Ákv. sala. Verð 14,5 millj.

**SMÁÍBÚÐAHVERFI**
Mikið endurn. einbhús 127 fm með 31 fm bílsk. Húsinu fylgir garðskáli, gróðurhús og mjög góður suðurgarður með yfirbyggðri verönd. Ákv. sala. V. 11,7 m.

**GARÐABÆR**
Gott 136 fm steypt einbhús á einni hæð. 37 fm bílsk. 3–4 svefnherb. Góður garður. Ákv. sala. Verð 12,2 millj.

**TEIGAR**
Vel staðsett og fallegt 2ja íb. hús á Teigunum, efri hæð og ris 153,9 fm nt. Góðar stofur, stórt eldhús, 4 svefnherb. Í kj. er 3ja herb. íb. m/sérinng. 23 fm bílsk. Góður garður í suður. Ákv. sala.

**STARHÓLMI – KÓP.**
Fallegt 192 fm einbhús með 5 svefnherb. og innb. bílsk. Falleg ræktuð lóð. Auk þess er rúmg. kj. með vinnu- og tómstundaaðst. Ákv. sala.





Sterkur og hagkvæmur auglýsingamiðill!
Morgunblaðið
85.22



**Kjöreign**
DAN V. S. WIIUM, LÖGFRÆÐINGUR,
ÓLAFUR GUÐMUNDSSON, SÖLUSTJ.
DAVÍÐ SIGURÐSSON, SÖLUMAÐUR

**Kópavogur.** 3ja herb. mjög góð íb. á 1. hæð við Kjarrhólma. Sérþvottah. Suðursv. fallegt útsýni. Laus strax. **Áhv. veðd. 3,1 millj.** 348.

**Kjarrhólmi – Kóp.** 3ja herb. rúmg. íb. á 1. hæð. Íb. og hús í mjög góðu ástandi. Góð staðs. Ákv. sala. **Verð 5,8 millj.** 42

**Úthlíð.** 4ra herb. íb. á jarðh. í þríbhúsi. Laus strax. Sérhiti. Hurð út í garðinn. Ákv. sala. **Verð 7,0 millj.** 352.

**Smáíbúðahverfi.** Efri hæð og rishæð í tvíbhúsi við Sogaveg. Sérinng. Sérhiti. Mikið endurn. eign. Samþ. teikn. á tvöf. bílsk. **Verð 10,6 millj.** 353.

**Íbúð fyrir aldraða – Hjallasel v/Seljahlíð.** Parh. á einni hæð. Nýl. góð eign. Öll þjónusta. Afh. strax. **Verð 8,3 millj.** 343.

**Fossvogur.** Endaraðhús við Kúrland. Húsið er á tveimur hæðum. Bílskúr fylgir. Í húsinu eru 2 samþ., íbúðir. Stærð efri hæðar er ca 130-140 fm. Á jarðh. er rúmg. 2ja herb. íb. m. sérinng. Ákv. sala. 354.

**Esjugrund – Kjalarn.** Timburhús á einni hæð ásamt bílsk. Ákv. sala. **Laust strax. Verð 9,8 millj.** 355.

**Einbýlishús – Hafnarfj.**





Glæsil. einbhús mikið stands. Mögul. á séríb. í kj. Laust strax. **Verð 7,9 millj.** 349.

Morgunblaðið
*Metsölublað á hverjum degi!*



**EIGNASALAN REYKJAVIK**

**Yfir 30 ára reynsla**
**tryggir öryggi þjónustunnar**

**HÖFUM KAUPANDA**
Okkur vantar góða 2ja-3ja herb. íb. í Hafnarf. Góð útb. í boði f. rétta eign.

**SKIPTI ÓSKAST**
Höfum 2ja herb. íb. á 3. hæð í fjölb. í skiptum f. 3ja herb. í sama hverfi. Milligjöf greidd á stuttum tíma.

**HÖFUM KAUPANDA**
að góðri 5 herb. íb. (4 svefnherb.), gjarnan í fjölb. þar sem húsvörður er. Fleira kemur til greina. Góð útb.

**EINBÝLI ÓSKAST**
Höfum fjárst. kaupanda að góðu einbhúsi í Gbæ eða Hafnarf. Æskil. stærð 150–170 fm.

**HÖFUM KAUPANDA**
að góðri 4ra herb. íb. Bílsk. æskil. Góð útb. í boði f. rétta eign.

**HÖFUM KAUPENDUR**
að 2ja-5 herb. ris- og kjíb. Mega í sumum tilf. þarfn. standsetn. Góðar útb. geta verið í boði.

**HÖFUM KAUPENDUR**
að 2ja-3ja herb. íb., gjarnan í vesturb. og sem næst miðb. Æskil. að áhv. séu nýl. lán frá veðd. Góðar útb. í boði.

**HÓLAR – 2JA HB. SÉRINNG. – TVÍB.**
Höfum í sölu 60 fm 2ja herb. mjög góða íb. á 1. hæð í tvíbhúsi á ról. og skemmtil. stað í Hólahv. Sérinng. Sérhiti. Áhv. um 800 þús. í veðd. Laus fljótl.

**HRAUNBÆR – 3JA**
3ja herb. sérl. vönduð íb. á 2. hæð í fjölb. Ný eldhinnr. Þvottah. og búr innaf eldh. Suðursv. Mikið útsýni.

**LAUGARNES – 3JA**
3ja herb. 82 fm íb. í fjölb. á horni Kleppsv. og Laugarnesv. Íb. er í góðu ástandi. Húsvörður. Verð 6,2 millj.

**EIGNASALAN REYKJAVIK**
**Ingólfsstræti 8**
**Sími 19540 og 19191**
**Magnús Einarsson, lögg. fastsali,**
Eggert Elíasson, hs. 77789



**HÓTEL ÍSLAND**
Miða- og borðapantanir
687111
STÓRSÝNINGIN
ROKKAÐ Á HIMNUM
Rokk'n Roll
Þríréttaður matseðill





LAUGARDAGSKVÖLDIÐ
1. júní
Rokksýning sem allir tala um og enginn má missa af
SÍÐASTA SÝNING



**hjúkrunarfræðingar**
**Opið hús**

Við, hjúkrunarfræðingar sem störfum á skurð- og svæfingadeildum Landsspítalans, verðum með opið hús þriðjudaginn 11. júní frá klukkan 9:00 til 16:00.

Við bjóðum hjúkrunarfræðinga velkomna, sem áhuga hafa á að til að kynnast starfsemi deildanna í fjölbreyttri dagskrá.

Þátttaka í opnu húsi tilkynnist Bergdísi Kristjánsdóttur, hjúkrunarframkvæmdastjóra eða ritara hjúkrunarforstjóra í síma 601300 og 601301 fyrir 6. júní.

Bergdís veitir einnig allar nánari upplýsingar í síma 601000.






**Dagskrá:**

- *kynning á starfsemi skurð- og svæfingadeilda og starfssviði hjúkrunarfræðinga á deildunum*
- *matarhlé - umræður*
- *heimsókn á skurðstofurnar*

**Hjúkrunarfræðingar á skurð- og svæfingadeildum Landspítalans**